

KÆRUNEFND JAFNRÉTTISMÁLA

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík

Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
sími 545 8100, bréfsími 551 9165
www.velferdarraduneyti.is

Reykjavík 9. maí 2017
Tilv.: KJ17040005/

Efni: Umsögn kærunefndar jafnréttismála um þrjú lagafrumvörp.

Þann 28. fyrra mánaðar bárust kærunefnd jafnréttismála erindi frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis með beiðni um að nefndin léti í té umsagnir um þrjú lagafrumvörp er nú liggja fyrir þinginu. Um er að ræða þessi frumvörp:

- Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 435. mál.
- Frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 436. mál.
- Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (jafnlaunavottun), 437. mál.

Umsögn nefndarinnar, að svo miklu leyti sem nefndin sá sér fært að fjalla um frumvörpin, fer hér á eftir.

Í 6. gr. frumvarps um jafna meðferð á vinnumarkaði er kveðið á um að einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir eða félagasamtök sem telji að ákvæði laga þessara hafi verið brotin á sér geti í eigin nafni eða fyrir hönd félagsmanna sinna, eftir því sem við á, leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála. Skuli 5. og 6. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla gilda eftir því sem við geti átt. Í 5. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, er kveðið á um kærunefnd jafnréttismála, m.a. skipun nefndarinnar, verkefni hennar og úrskurði. Í 6. gr. laganna er kveðið á um málsmeðferð hjá nefndinni og í 7. gr. laganna er kveðið á um upplýsingaöflun fyrir nefndinni. Kærunefnd telur rétt að vísa jafnframt til síðastnefnda ákvæðisins en eðlilegt hlýtur að vera að það ákvæði gildi einnig í þeim tilvikum þegar málefni, sem heyrir undir lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, verði frumvörpin að lögum, koma til meðferðar hjá nefndinni. Skortur á tilvísun til 7. gr. skýrist væntanlega af misgáningi.

Kærunefnd jafnréttismála bendir á að í frumvörpunum er ekki kveðið á um breytta skipan kærunefndarinnar. Verði frumvörpin að lögum er fyrirsjáanlegt að málum er lögð eru fyrir nefndina muni fjölga til muna. Lög nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, mæla fyrir um að nefndin leysi úr ágreiningsmálum um brot á lögnum sem eingöngu taka til banns við mismunun á grundvelli kyns. Verði frumvörpin þrjú að lögum verður mögulegt að leggja fyrir nefndina að auki:

- Mál vegna mismununar á vinnumarkaði á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar eða kynvitundar.
- Mál vegna mismununar á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna.
- Mál vegna brota á ákvæðum jafnréttislaga um jafnlaunavottun af hálfu fyrirtækja eða

stofnana þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli.

Er fyrir séð að málum er koma til meðferðar hjá kærunefndinni muni þannig fjölga til muna. Á undanförunum árum hafa borist til nefndarinnar milli fimm og tólf mál á ári. Þeir einstaklingar er nú eiga sæti í nefndinni sem aðal- og varamenn gegna föstum störfum annars staðar og hefur því seta í nefndinni verið aukastarf. Starfsmaður velferðarráðuneytis hefur gegnt störfum sem ritari nefndarinnar en starf hans fyrir nefndina er ekki fullt starf. Er fyrir séð að málafjöldi hjá nefndinni, verði frumvörpin að lögum, muni krefjast þess að um fullt starf nefndarmanna verði að ræða. Að sama skapi mun þörf nefndarinnar fyrir ritara og aðstoðarmenn aukast.

Kærunefnd bendir á að þau ágreiningsmál er munu koma til meðferðar hjá nefndinni að breyttum lögum kunna að krefjast sérþekkingar, svo sem í málefnum fatlaðs fólks eða í málefnum annarra hópa. Kann því að vera ástæða fyrir löggjafann að huga að því hvaða sérþekking ætti að vera áskilin hjá þeim nefndarmönnum er munu skipa nefndina í framtíðinni.

Að lokum bendir nefndin á að í ljósi útvíkkunar á starfssviði kærunefndar jafnréttismála kann að vera ástæða til að huga að nýju heiti fyrir lög nr. 10/2008.

Það athugast að nefndin hefur ekki séð sér fært að fjalla um efni frumvarpanna í frekari mæli en að framan greinir.

F.h. kærunefndar jafnréttismála



Erla S. Árnadóttir
formaður